

Fundur 11.12.2023 Þorvaldur Thoroddsen

Góða kvöldð, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

*Orka þarna ?*

Já takk, takk fyrir.

Vil ég senda ykkur kveðju frá Helga Pjeturss og mun hann reyna að koma bráðlega í sambandið og er hér mörgu að sinna og er hann ekki síður upptekinn hér í framlífi, en vildi hann koma með erindi um ýmislegt í menningunni og koma kannski inn á margt annað.

En var ég búinn að lofa að reyna að útskýra lítið eitt fyrir ykkur það mikla starf sem við reynum að vinna í því að fylgjast með jörðinni gömlu og fleiri frumlífs hnöttum og framlífs hnöttum og þá að sjálfsögðu í samvinnu við aðra, sem lengra eru komnir og sem hafa enn betri upplýsingar og skilning á þessum ferlum og ráðleggja okkur og koma með upplýsingar.

Langar mig að vísu að koma hér með örlítinn þátt um okkar hnött og veit ekki hvort við höfum komið inn á það áður í samböndum okkar við ykkur.

En eldvirkni á okkar hnetti er talsvert farin að minnka miðað við ykkar hnött og er hann orðinn allur miklu rólegri og eldri og sést hér votta fyrir því að sólargangurinn sé byrjaður að verða svo lítið bundinn og skil dags og nætur markast svolítið af því, en það gerir málið flóknara að við höfum aðra sól og vegur það upp á móti og því teljum við að lífsskilyrði muni halda áfram óbreytt um langa framtíð.

Og það er því ekki síður fróðlegt að rannsaka jörðina með tilliti til þess hvort um sé að ræða sömu steintegundir og efni og á gömlu jörðinni eða hversu margt er frábrugðið.

Sakna ég þess mjög að hafa ekki verið uppi hér á þessum hnetti þegar námuvinnsla var upp á sitt besta og rannsóknir á jarðfræði hnattarins á frumstigi og margt að rannsaka.

Nú er svo komið að búið er að gjörnýta margar náttúruauðlindir, en þess í stað höfum við strangari reglur um ýmiss smáatriði er lúta að jafnvægi hnattarins og orkunotkun og beitingu hinna margvíslegu jarðkrafta og jafnvel margvíslegra jarðkrafta sem þið hafið ekki beislað enn þá, eins og segulsviðið og þyngdarafli og gæði loftsins og sólarorkuna.

Og teljum þó að þið séuð á réttri leið með þau mál öll, smá saman. Það er því ekki síður áhugamál hjá mér að fréttu af glóandi hnöttum og breytilegum, síbreytilegum á sambands fundum og fréttu af lífi á hnöttum þar sem jarðefnin eru mjög framandi, því sem ég þekki og möguleikum lífsins til að nema þar land og takmörkunum á því hvað er mögulegt.

En svo ég snúi mér að ykkar jörð, þá verð ég að segja að lífstefnu öflin náðu ekki fullum tökum á atburðarásinni, þegar skjálftar urðu í Grindavík og bærinn klofnaði að nokkru leiti og var það eitt af fáum skiptum sem við Helgi og margir aðrir fræðimenn, hér á þessum hnetti, urðum nokkuð undrandi á atburðarásinni, því við töldum að það væri talsvert miklar líkur á að hægt væri að afstýra því.

En það fór nú eins og svo oft áður að hann var sannspár um það að atburðir í órafjarlægð höfðu áhrif á atburðarásina á Íslandi og miklu víðar og hef ég nú að vísu rifist um þetta við hann og fleiri, og hef ég átt mín efasemda skeið, þar sem kenning hans er svo víðfeðm og nær yfir mörg ólík svið, að þótt ég viðurkenni að hann hafi haft rétt fyrir sér á mörgum sviðum, er ég enn þá efins um sumt annað, eins og það að samstilling atburða á ólíkum vettvangi, geti haft slíkar afleiðingar að aðrar niðurstöður verði á ólíkum sviðum.

Og er því ekki skrítið að hér á okkar hnetti, telja sumir þetta tilviljun enn þá og ekki hægt að sanna þetta að fullkominni vissu enn þá.

En svo ég greini frá því áður en ég slít sambandinu og hleypi næsta að, að á öðrum framlífs hnöttum, langt í burtu þar sem fjölmennir hópar berjast, eru hópar múslima og gyðinga sem berjast og ná yfir stórt svæði og hafa mikil áhrif.

Og þar hafa ólíkir hópar vestrænna manna náð stjórnmála sambandi og samstillingar mætti með sitt hvorum herjunum og ber mönnum ekki saman um hvort lífstefnan sé meiri hjá gyðingum eða múslimum.

En þau atvik urðu að gyðingum tókst að gera áhlaup á, samstillt áhlaup á marga hnetti sem bæði voru byggðir múslimum og vestrænum mönnum og ýmsum öðrum að vísu líka og varð þá orku hnykkur sem hafði einnig áhrif á gömlu jörðina og talið tengjast því að ekki tókst að vernda Grindavík að fullu, en þetta er ekki full sannað að vísu, en nú er það næsta ljóst að eitthvað spilar þetta inn í, en málið er flókið og get ég ekki farið út í stjórnmálaleg smáatriði í þessu að sinni og verða aðrir að fara út í það.

En gleður það mig mjög að sjá Guðina styrkjast og ná tökum á vandamálinu aftur og vona að það verði sem lengst.

Ætlaði Helgi að tala um menninguna hjá ykkur og jarðfræðina líka, en ég var víst búinn að lofa að reyna að útskýra þetta með mínum orðum, um þessa hörmulegu atburði í Grindavík, vonum að það þurfi ekki að verða meira af slíku, Þorvaldur Thoroddsen.

*Þakka þér fyrir þessa fróðlegu ræðu.*

*Mig langar að spurja þig, þar sem þú varst að tala um þennan ófrið á milli múslima og gyðinga, hefur þetta einhver áhrif á það sem er að gerast í Ísrael ?*

Já það er víst raunin að það hefur einhver neikvæð áhrif og þessi gjá er skelfilega slæm og djúp og víð og þetta er sannarlega ástæða til að óttast um heimsfriðinn og hvort að heimstyrjöld geti af þessu orðið.

En það er nú reynt að stöðva það eins og annað sem sérlega hættulegt er í okkar heimshluta og ykkar hnetti.

*Mig grunar að Abraham Lincoln sé eitthvað að skoða þetta,*

Hvað segir þú ?

*Mig grunar að Abraham Lincoln sé eitthvað að skoða þetta mikið.*

*Fyrrverandi Bandaríkjaforseti.*

Ja, ég veit það nú ekki alveg, en jú væntanlega eru þeir flestir í því sem eru komnir langt að vinna með lífstefnu öflunum og stefna að því að vera samtaka hinum mikla mætti um að kærleikurinn ríki og slíkt.

Já ég, við vildum þakka ykkur samstarfið á árinu og vona að nýtt ár verði enn gæfuríkara og margir hér sem vildu komast í gegn, verð ég víst að kveðja, þakka ég að sinni.

*Ég þakka fyrir.*

Verið þið sæl.

*Vertu sæll.*